

Nr. 17-119 S 088 Amma Lillý BA 55**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6626
Útgerð: Unnar Valby Gunnarsson
Smíðaður: Hafnarfirði, 1985, trefjaplast.
Stærð: 3,88 brl. 4,82 bt.
Mesta lengd: 8,45 m Skráð lengd: 7,92 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,04 m
Vél: Volvo Penta, 119 kw, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Amma Lillý © Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. ágúst 2017 var Amma Lillý BA 55 á strandveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: N 4 – 5 m/s.

Á veiðunum komu upp rafmagnstruflanir í mælaborði fyrir vélina. Skipverjinn drap á vélinni og óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Vörður dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi líklegt að rafmagnskúpling fyrir keflablásarann hefði bilað og slegið út rafmagn af stjórnskáp fyrir vélina. Fram kom að hann hafði ekki skoðað þetta nákvæmlega;
- að þjónustuaðili fyrir þessa tegund vélar kannaðist ekki við að rafmagnskúpling gæti slegið út stjórnskáp vélarinnar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.